



Aðalfundur Endurlífgunarráðs Íslands

Aðalfundur Endurlífgunarráðs Íslands, haldinn föstudaginn 7. maí kl:17:00-18:00 í Menntadeild LSH í Skaftahlíð og í gegnum Zoom.

Mættir voru flestir stjórnarmenn úr fráfarandi stjórn og nýjir stjórnarmenn auk nokkura leiðbeinenda bæði á staðnum og á Zoom.

DAGSKRÁ FUNDAR:

1. Fundur settur.

Hjörtur Oddson formaður EÍ setur fundinn og skipar Hrafnhildi Lilju fundarstjóra og Elmu Rún fundarritara.

2. Skýrsla formanns og endurlífgunarráðs um starfsemina (Hjörtur Oddsson)

Hjörtur fer yfir ársskýrslu 2020:

Tilgangur Endurlífgunarráðs:

- Halda utan um námskeið
- Auka þekkingu á endurlífgun
- Auka notkun á AED tækjum
- Stytta tímann þar til hjálp berst

Endurlífgunarráð:

- Er hluti af ERC
- Árið 2020 var haldið mikið af Zoom fundum sem bjargaði miklu og tókust vel
- 2020 átti að vera stórt ár hjá ERC - nýjar leiðbeiningar áttu að koma en allt tafðist vegna Covid
- Ráðstefnan var á netinu og virkaði vel
- Halda áfram verkefnum og rífa okkur uppúr kófinu

Árið 2020 sóttu færri nemendur námskeið í sérhæfðri endurlífgun (barna og fullorðinna) en árin á undan sökum Covid.

Í heildina voru haldin:



6 ALS námskeið á árinu með samtals 89 nemendum
7 ILS námskeið með 99 nemendum
6 EPILS námskeið með samtals 69 nemendum
2 EPALS námskeið með 24 nemendum

Samtals 281 nemendur.

Skiptist svona:

LSH:

4 ALS námskeið – 63 nemendur
4 ILS námskeið – 65 nemendur
4 EPILS námskeið – 49 nemendur

SAk og Sjúkraflutningaskólinn:

2 ALS námskeið – 26 nemendur
3 ILS námskeið – 34 nemendur
2 EPILS námskeið – 20 nemendur
1 EPALS námskeið – 12 nemendur

EÍ:

1 EPALS námskeið – 12 nemendur

Að auki má nefna að LSH er orðið sjálfbært með barnanámskeiðin, komið með námskeiðsstjóra og þarf því ekki aðkomu EÍ til að halda þau námskeið sem þegar eru komin til landsins. Unnið að því að koma NLS og ETC til landsins.

Verkefni á árinu hafa verið nokkuð mörg:

- 16. Okt – Kids saves lives
- 16. Okt 2020 – tónlistarmenn og heimsókn til Gíslis Marteins (Ilmur)



- 16. Okt Your song can save lives - ný lög til að hnoða við - margir tónlistarmenn tóku þátt fyrir Íslands hönd
- Áfram unnið að staðsetningu AED (Ásgeir/Hlynur)
- Vinna við að fá númerið 2222 á LSH (Ármann/Hjörtur)
- Trauma Course (Sigurbjörg/Hjörtur)
- NLS (Elma)

Framtíðin: Að halda áfram með þessi verkefni og koma í gang appi fyrir bráðaviðbrögð

3. Rekstarreikningur kynntur og ársreikningar ráðsins lagðir fram til staðfestingar (Hlynur Höskuldsson)

- Hlynur fer yfir reikninga og þeir eru án athugasemda frá stjórninni og öðrum fundarmönnum.
- Halli er á rekstarreikningi vegna fárra námskeiða útaf Covid
- Reikningurinn er einróma samþykktur

4. Fráfarandi stjórn staðfestir nýja stjórn

Í ár buðu sig jafnmargir fram og sitja eiga í stjórn. Í reglum segir að í stjórn skuli vera breiður hópur af sem víðustu sviðum, lækna, hjúkrunarfræðinga og bráðatækna. Ný stjórn kynnt. Fyrsti fundur verður haldinn fljótlega. Fólk beðið að hugsa um ef það vill bjóða sig fram í einhver störf innan stjórnarinnar, eins og t.d. ritara og gjaldkera.

2 erindi hafa borist til nýrrar stjórnar. Fundur með skyndihjálparráði Rauða krossins og einnig hefur Viðar beðið um að fá að koma og ræða hvernig útfæra eigi nýjar reglur í sjúkraflutningum.

5. Önnur mál

Rætt um að á eftir verði stuttur leiðbeinendadagur þar sem farið verði yfir helstu breytingar í nýju leiðbeiningunum en stefnt verði að stærri leiðbeinendadegi í haust.

Spurning úr sal um nýju reglurnar varðandi endurnýjun skírteina uppá að reikna út hve mörg námskeið þarf að halda. Heilt yfir gilda skírteinin í 3 ár. Boðið verður uppá endurmenntunarnámskeið (resertification) í Cosy og verða 2 modules, annað á vef og hitt síðan



klínískt í ca 2-3 klst. (sem einungis er hægt að taka þegar búið er að klára vefhlutann). Ef fólk lætur skírteinið renna út þarf að endurtaka allt stóra námskeiðið.

Hvað kosta endurmennturnarnámskeiðin (requalification)? Ekki búið að gefa út en **Hrafnhildur** ætlar að kanna málið.

Fundi slitið, fundarritari Elma Rún Ingvarsdóttir